



Lyfjanefnd Landspítala - fundargerð

Fundur nr.: 3/2025
Dagsetning: 19. febrúar 2025
Fundartími: 11:00 - 12:30
Staðsetning: Engey, Eiríksstöðum og Teams
Viðstaddir: *Aðalmenn*
Arnþrúður Jónsdóttir, Gerður Gröndal, Hlíf Steingrímsdóttir, Pétur S Gunnarsson, Ragnar Grímur Bjarnason og Örvar Gunnarsson
Varamenn
Eva Ágústsdóttir, Guðríður K Þórðardóttir, Guðrún I Gylfadóttir, Sif Sumarliðadóttir og Signý Vala Sveinsdóttir
Starfsmenn
Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir
Fjarverandi: Agnes Smáradóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir og Gylfi Óskarsson
Gestur: Sunna Snædal Jónsdóttir
Fundarstjóri: Hlíf Steingrímsdóttir
Fundarritari: Dóra Guðrún Pálsdóttir

1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

2) Fundargerð nr. 2/2025

Fundargerðin samþykkt

3) Sjúkratilfelli

Umfjöllun ekki birt

4) Umsagnir um greiðsluþátttöku

Samþykkt milli funda

Pomalidomide (Pomalidomide Zentiva) – *nýtt samheitalyf*

5) Önnur mál

a) Fjárlagaliður leyfisskyldra lyfja

HS segir frá því að haldinn hafi verið fundur með heilbrigðisráðuneytinu um stöðu fjárlagaliðsins. Ráðuneytið óskaði eftir minnisblaði um stöðuna sem er í vinnslu. Eins og staðan er nú verður ekki hægt að samþykkja neinar nýjar ábendingar eða einstaklingsbundna greiðsluþátttöku og jafnvel að takmarka fjölda sjúklinga í meðferðum sem þegar hafa verið innleiddar.

Ekki er útilokað að aukafjárveitingar verði samþykktar í aukafjárlögum í mars en það er þó ólíklegt.

b) Meðferð með tofersen

Lyfið hefur verið notað í named patient program hér á landi í eitt ár við MND. Þegar markaðsleyfi lyfsins var samþykkt hjá EMA falla slík prógrömm oftast niður en í þessu tilfelli var það framlengt þar til samnorðnað mat á lyfinu lægi fyrir. Það mat er neikvætt og lyfið verður því ekki innleitt á neinu Norðulandanna. Lyfið hefur þó gagnast þeim sjúklingum nokkuð vel sem hafa fengið það. Lyfjanefnd er því í þröngri stöðu því lyfjameðferðin er mjög kostnaðarsöm.

c) Frumvarp til laga um lyfjamál

Nú er komið í samráðsgátt stjórnvalda frumvarp um breytingar ýmsum lögum er varða lyfjamál. Þar eru m.a. gerðar tillögur til að taka á lyfjaskorti og breytingar á reglum um ávísun lyfja.

Í frumvarpinu eru tillögur um breytingar er varða lyfjanefnd. Lagt er til að nafni lyfjanefndar verði breytt og hún muni framvegis ekki hafa hlutverk er varðar almenn lyf. Einnig er verið að gera breytingar á einstaklingsbundinni greiðsluþátttöku og færa ákvörðunarvald til Lyfjastofnunar.

Nefndarmenn eru hvattir til að skoða vel efni frumvarpsins. Unnið er að umsögn frá Landspítala um málið og þar munu sjónarmið lyfjanefndar koma fram en öllum er gefinn kostur á að senda inn eigin athugasemdir.

Fundi slitið kl. 11:55